

Bæjarstjórn - 1946

FUNDARBOÐ

**1946. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 15.
janúar 2025 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Breytingar í ráðum og nefndum:

Forsetar
Stjórn Hafnarborgar
Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins
Samstarfsnefnd skíðasvæðanna
Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
Stefnuráð byggðasamlaganna

2. 2407320 - Hraunvangur 7, breyting á deiliskipulagi

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18.desember sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hrafnistu, Hraunvangs 7. Tillagan sem var kynnt á fundi ráðsins þann 12.9.2024 gerir ráð fyrir að í stað áður samþykkt íbúðarhúss F2 er gert ráð fyrir hjúkrunarheimili, byggingarreitur A og íbúðum fyrir aldraða á byggingarreitum B, C og D. Núverandi bílakjallari er stækkaður og einnig verður gert ráð fyrir öðrum nýjum sunnan við byggingarreit C og D. Gert er ráð fyrir djúpgámum og hjólaskýlum innan lóðar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hrafnistu og vísar til samþykkis bæjarstjórnar.

3. 2403006 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Hvaleyrarholt suðaustur

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18.desember sl.
Bæjarstjórn samþykkti 28.8.2024 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breyttrar landnotkunar Þorlákstúns.

Breytingin nær til skógræktar- og landgræðslusvæðisins SL4 sem verður breytt í íbúðabyggð og verður það hluti af ÍB7. Við íbúðabyggð Hvaleyrarholt ÍB7 bætast 6 ha og SL4 fellur út. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga. Tillagan var í auglýsingu 25.10.-11.12.2024. Athugasemdir

bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og samþykkir uppfærðan uppdrátt og vísar til samþykkis bæjarstjórnar.

4. 2408341 - Hvaleyrarbraut 26, 28 og 30, breyting á deiliskipulagi

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18. desember sl. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 11. september sl. að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Hvaleyrarbrautar 26, 28 og 30. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu þriggja fjölbýlishúsa með allt að 144 íbúðum. Byggingarnar eru þriggja hæða frá Hvaleyrarbraut og fimm hæða frá Lónsbraut. Á jarðhæð við Lónsbraut er gert ráð fyrir verslunar og þjónustu rýmum. Tillagan var í auglýsingu frá 19.9-3.11.2024. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og vísar til samþykkis bæjarstjórnar.

5. 2412848 - Hvaleyrarbraut 20, breyting á deiliskipulagi

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18. desember sl. Hvaleyri fasteignir ehf. sækja 17.12.2024 um breytingu á deiliskipulagi. Markmið þessarar breytingar er að núverandi iðnaðarbyggingar víki fyrir nýrri íbúðarbyggð og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 110 íbúðum í sex 3-6 hæða byggingum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarbrautar 20 og vísar til samþykkis bæjarstjórnar.

6. 22111133 - Flensborgarhöfn, nýtt deiliskipulag

9.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18. desember sl. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 11. september sl. að auglýsa nýtt deiliskipulag Flensborgarhafnar. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri uppbyggingu á svæðinu fyrir verslun, þjónustu og íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir að Siglingaklúbburinn, Íshúsið og Fornubúðir 8-12 verði áfram á sínum stað. Ný gata Flensborgarstræti liggur í gegnum svæðið. Tillagan var í auglýsingu frá 19.9-3.11.2024. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og samþykkir uppfærða greinargerð og vísar til samþykkis bæjarstjórnar.

7. 2309533 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting vegna varúðarsvæðis

11.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18. desember sl. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti 6.11.2024 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í því að skilgreina landnotkun og afmörkun varúðarsvæðis í Hellnahrauni. Breytingin var kynnt á vinnslustigi tímabilið 14.11.-28.11.2024. Athugasemd barst frá Heilbrigðiseftirlitinu. Lagt fram.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á

aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og vísar til samþykkis í bærstjórn.

8. 2412095 - Virkisás 24, umsókn um lóð

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 9.janúar sl.

Lögð fram umsókn Viðar Páls Traustasonar um lóðina nr. 24 við Virkisás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Viðars Páls Traustasonar og vísar til bærstjórnar til samþykktar.

9. 1509763 - Fimleikafélagið Björk, rekstrarsamningur

10.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 8.janúar sl.

Rekstrarsamningur við Fimleikafélagið Björk vegna ársins 2025 lagður fram til kynningar.

Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirliggjandi samning og vísar til bærstjórnar.

10. 2010458 - Kolefnisförgun í Straumsvík, Kolefnisförgunarver, Carbfix Coda Terminal

Til umræðu

11. 2501266 - Kjörnir starfshópar á vegum bærstjórnar Hafnarfjarðar

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um stöðu vinnu kjörinna starfshópa á vegum bærstjórnar Hafnarfjarðar.

12. 2412830 - Ráðning bærstjóra

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram fyrirspurn.

Fundargerðir

13. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bærstjórn

Fundargerð fræðsluráðs 8.janúar sl.

a. Fundargerðir íþróttá- og tómstundanefndar frá 10. og 17.desember sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18.desember sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 9.janúar sl.

a.Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 18.desember sl.

b.Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 6. desember sl.

c. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 4. desember sl.

d. Fundargerðir stjórnar SSH frá 2. og 16. desember sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 8.janúar sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 4.desember sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 13.janúar sl.

13.01.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri